



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Almennir skilmálar Íslenskra verðbréfa hf. um
verðbréfaviðskipti.

1. nóvember 2007

Efnisyfirlit

1	Almenn atriði	2
2	Flokkun viðskiptavina og mat á hæfi til að fjárfesta í fjármálagerningum	3
3	Framkvæmd viðskipta - stefna um framkvæmd viðskipta	4
4	Meðferð á símtölum og varðveisla gagna	5
5	Gjaldtökuheimild	6
6	Breyting á högum viðskiptamanns sem kunna að leiða til uppsagnar samnings	6
7	Upplýsingar um áhættu	6
8	Hætta á hagsmunaárekstrum	7
9	Upplýsingagjöf milli aðila og umboð	8
10	Trúnaður - viðskiptasamband aðila - skyldur viðskiptamanns	9
11	Ýmis ákvæði	10

1 Almenn atriði

- 1.1 Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri, er fjármálafyrirtæki skv. skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Íslensk verðbréf hf. starfar sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við starfsleyfi veittu af Fjármálaeftirlitinu.
- 1.2 Skilmálar þessir gilda í öllum viðskiptum Íslenskra verðbréfa hf. (hér eftir nefnd ÍV) og viðskiptamanna ÍV. Skilmálar þessir gilda sem almenn viðbót við þá samninga sem viðskiptamaður hefur áður gert við ÍV. Komi í ljós ósamræmi milli skilmálanna og þeirra samninga sem viðskiptamaður og ÍV hafa áður gert skulu skilmálar þessir ganga framur þar sem ber á milli. Samningar vegna sérstakra viðskipta kunna þó að ganga framur skilmálum þessum ef upp kemur ósamræmi milli skjala.
- 1.3 Í skilmálum þessum er fjallað um þau efnisatriði sem tilgreind eru í efnisyfirliti. Skilmálarnir gilda um öll viðskipti með fjármálagerninga sem eiga sér stað milli ÍV og viðskiptamanns, þ.m.t. um kaup og sölu verðbréfa, afleiðuviðskipti og önnur viðskipti með fjármálagerninga. Skilmálar þessir tilgreina m.a. með hvaða hætti samskipti geta farið fram, hvernig almennt er

staðið að viðskiptum og hvernig brugðist er við vanefndum.

- 1.4 Viðskiptamanni er ráðlagt að lesa þessa skilmála ásamt öðrum samningum við ÍV og eftir atvikum, leita sér ráða hjá sérfræðingi óski hann skýringa á nánar tilgreindum atriðum svo hann geri sér fulla grein fyrir eðli þeirra samninga sem hann undirgengst við ÍV og þeirri áhættu sem þeim kann að fylgja. Viðskiptamaður er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma um verðbréfavíðskipti, fjárfestingu í verðbréfasjóðum o.s.frv. Upplýsingar um gildandi lög og reglur á þessu sviði er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) en það hefur eftirlit með starfsemi ÍV.
- 1.5 Viðskiptamanni er mögulegt að eiga samskipti við starfsmenn ÍV á starfstöð að Strandgötu 3, Akureyri, í gegnum síma, tölvupóst, með almennum pósti eða símbréfi á íslensku eða ensku. Komi upp misræmi á milli íslensks og ensks texta í skjölum ÍV þá skal litið á íslenska textann sem frumtexta og hann skal gilda umfram þann enska.
- 1.6 Viðskiptamanni er óheimilt að framselja réttindi sín eða losa sig undan skyldum samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra nema að fengnu skriflegu samþykki ÍV.

2 Flokkun viðskiptavina og mat á hæfi til að fjárfesta í fjármálagerningum

- 2.1 ÍV ber samkvæmt lögum að flokka viðskiptavini sína sem almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila eftir því sem við á. Viðskiptamanni ber að leita upplýsinga um hvaða flokki hann tilheyrir og hvað flokkunin þýðir fyrir réttarvernd hans svo hann fái ráðgjöf sem hentar honum. Almennir njóta almennir fjárfestar mestrar réttarverndar af ofangreindum aðilum, sbr. t.d. hvað varðar upplýsingagjöf um fjármálagerninga sem hann óskar að fjárfesta í, sé ráðgjöf veitt af hálfu ÍV.
- 2.2 Óski viðskiptamaður eftir kaupum eða sölu á fjármálagerningum án ráðgjafar er ÍV ekki skylt að vara hann við áhættu sem kann að felast í viðkomandi fjárfestingu.
- 2.3 Viðskiptamanni ber að veita ÍV allar upplýsingar sem óskað er um hagi sína,

þekkingu og reynslu hvað varðar verðbréfavíðskipti almennt eða einstaka fjármálagerninga svo mögulegt sé að veita fjárfestingarráðgjöf sem hæfir honum eða sinna eignastýringu fyrir hann. Veiti víðskiptamaður ekki umræddar upplýsingar kann ÍV að vera óheimilt að veita honum ráðgjöf um verðbréfavíðskipti.

- 2.4 Víðskiptamaður skal upplýsa ÍV um þau atriði sem geta haft áhrif á hæfi hans til að eiga víðskipti með fjármálagerninga. Verði breyting á högum víðskiptamanns sem geta haft áhrif á flokkun hans eða hæfi til að eiga í víðskiptum tiltekinnar tegundar skal hann tilkynna ÍV um þá breytingu með sannanlegum hætti og óska eftir að tekið sé tillit til slíkra upplýsinga, sbr. t.d. ef hann óskar eftir því að flokkun hans verði breytt.
- 2.5 ÍV framkvæmir ekki sérstaka athugun til að staðreyna þær upplýsingar sem koma frá víðskiptavini. Óheimilt er að reiða sig á upplýsingar sem víðskiptavinur eða hugsanlegur víðskiptavinur ÍV leggur fram ef ÍV er kunnugt um eða má vera kunnugt um að upplýsingarnar séu sannanlega úreltar, óáreiðanlegar eða ófullgerðar.
- 2.6 Við mat á efnahag og hæfi víðskiptamanns skal ÍV vera heimilt að krefjast þeirra gagna sem ÍV metur nauðsynlegar til að meta ofangreint eða gæta hagsmuna sinna og víðskiptavinarins í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

3 Framkvæmd víðskipta – stefna um framkvæmd víðskipta

- 3.1 ÍV framkvæmir almennt víðskipti fyrir víðskiptamann í samræmi við sérstök fyrirmæli hans eða samkvæmt fyrirfram samþykktri fjárfestingarstefnu. Almennt er gert ráð fyrir að víðskipti samræmist stefnu ÍV um framkvæmd víðskiptafyrirmæla eins og hún er á hverjum tíma. Víðskiptamanni er bent á að kynna sér stefnuna og veita samþykki fyrir framkvæmd víðskipta í samræmi við hana. Í því felst nánar tiltekið að víðskiptamaður samþykki stefnuna eins og hún er á hverjum tíma án þess að sérstaklega þurfi að upplýsa hann um breytingar á henni. Nánari upplýsingar veita starfsmenn ÍV og stefnan er aðgengileg á heimasíðu ÍV - www.iv.is.

- 3.2 Viðskiptamanni skal vera ljóst að þar sem markaðsaðstæður kunna að breytast með skömmum fyrirvara getur ÍV ekki borið ábyrgð á því að unnt sé að framkvæma viðskipti í samræmi við óskir viðskiptavinar. Með því að samþykkja skilmála þessa samþykkir viðskiptamaður stefnu ÍV um bestu framkvæmd á hverjum tíma. Viðskiptamaður skal fylgjast með þeim breytingum sem geta orðið á stefnunni á heimasíðu ÍV.
- 3.3 Samningur um nánar tilgreinda þjónustu kann að vera háður samþykki ÍV sem áskilur sér rétt til hafna því að veita þjónustu eða framkvæma beiðni um viðskipti.
- 3.4 Samningur milli ÍV og viðskiptamanns er bindandi hvort sem hann er skriflegur, kemst á með símtali, með símbréfi (faxi), eða með tölvupósti. Geri viðskiptamaður athugasemd, skal ofangreint gilda sem fullnægjandi sönnun fyrir viðskiptaskilmálum.
- 3.5 ÍV mun óska eftir sérstöku samþykki viðskiptamanns til þess að fjárfesta fyrir hans hönd í fjármálagerningum sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.
- 3.6 Alla samninga vegna viðskipta með fjármálagerninga staðfestir ÍV með tilkynningu til viðskiptamanns nema um annað sé samið.

4 Meðferð á símtölum og varðveisla gagna

- 4.1 Til að tryggja öryggi viðskiptamanna og ÍV kann ÍV, í samræmi við lagaheimildir, að hljóðrita símtöl vegna viðskipta, án sérstakrar tilkynningar þegar símtöl fara fram. ÍV er heimilt að leggja símtalsupptökur fram í dómsmáli og/eða nota, sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta.
- 4.2 ÍV varðveitir allar helstu upplýsingar um samskipti vegna viðskipta með fjármálagerninga í að lágmarki 5 ár frá því að samskiptin áttu sér stað. ÍV kann eftir atvikum að þurfa að heimila opinberum aðilum að fá aðgang að gögnum er varða viðskiptamenn svo fremi sem viðkomandi stjórnvaldi sé heimilt kalla eftir upplýsingunum.

- 4.3 ÍV fer með upptökur símtala og önnur gögn í samræmi við ákvæði laga sem varða bankaleynd.

5 Gjaldtökuheimild

- 5.1 ÍV áskilur sér þóknunir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma. Þer að greiða gjöld og þóknunir þegar þess er krafist og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Nánar er kveðið á um útreikning þóknana, kostnaðar og gjalda og heimildir ÍV við að innheimta þóknunir og kostnað í samningum um viðkomandi þjónustu.
- 5.2 Gjaldskrá liggur frammi í afgreiðslu ÍV og er einnig að finna á heimasíðu ÍV, www.iv.is.
- 5.3 Viðskiptamaður skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á viðskipti með fjármálagerninga eða greiðslur samkvæmt þeim.

6 Breyting á högum viðskiptamanns sem kunna að leiða til uppsagnar samnings

- 6.1 ÍV er einhliða heimilt að segja upp samningi við viðskiptamann sé hann ógreiðslufær. Þegar viðskiptamaður er lögaðili er ÍV heimilt að segja samningum við hann upp taki hann breytingum sem geta haft neikvæð áhrif á rekstur hans eða greiðslugetu að mati ÍV.
- 6.2 Viðskiptamanni ber skylda til að tilkynna ÍV án fyrirvara og svo skjótt sem auðið er um breytingar af því tagi sem að framan greinir. ÍV mun veita hæfilegan frest áður en til uppsagnar kemur nema um brýnar ástæður sé að ræða. Með uppsögn falla allir samningar í gjalddaga og viðskiptakröfur milli aðila eru gerðar upp.

7 Upplýsingar um áhættu

- 7.1 Viðskipti með fjármálagerninga sem falla undir skilmála þessa kunna að vera áhættusöm og viðskiptamaður ætti ekki óska eftir slíkum viðskiptum nema hann skilji til fullnustu þá áhættu sem tengd er viðskiptum með viðkomandi fjármálagerning. Óski viðskiptamaður eftir því mun ÍV láta í té almennar

upplýsingar um eðli og áhættu í viðskiptum með tiltekna fjármálagerninga.

- 7.2 Viðskiptamaður er hvattur til þess að óska ráðgjafar hjá öðrum sérfræðingum. Óski viðskiptamaður sérstaklega eftir ráðgjöf starfsmanna ÍV skal ljóst vera að ráðgjöfin er veitt miðað við aðstæður í því tímamarki sem álitid var gefid og að forsendur ráðgjafarinnar kunna að breytast fyrirvaralitið í ljósi breyttra markaðsaðstæðna eða annarra atvika. ÍV ábyrgist ekki að ráðgjöf starfsmanna ÍV vegna viðskipta viðskiptamanns með fjármálagerninga leiði til þeirrar niðurstöðu sem stefnt var að, þ.e. að fjármunir viðskiptamanns ávaxtist enda gerir viðskiptamaður sér það ljóst að viðskiptin eru áhættusöm og höfuðstóll kann að tapast, verðbréf geta t.d. fallið í verði og skuldarar skuldabréfa geta orðið ógjaldfærir.
- 7.3 ÍV ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir vegna þess að fjármálagerningar sem hann hefur fjárfest í, fyrir milligöngu ÍV, missa verðgildi sitt að meira eða minna leyti. Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptamaður greiða þau viðbótargjöld og ÍV ber ekki ábyrgð á tjóni verði skattur sem taka á af viðskiptamanni ekki tekinn eða ranglega tekinn.
- 7.4 ÍV ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði ÍV eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkjerfi, síma, símbréfi(faxi) eða tölvupósti. Þá er ÍV ekki ábyrgt fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 7.5 ÍV ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (force major), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnarbanni, stjórnmalaaðgerðum, þróun gjaldmiðla, breytinga á efnahagsumhverfi eða annarra atvika.

8 Hætta á hagsmunaárekstrum

- 8.1 ÍV er ljóst að við tiltekna aðstæður kunna að geta orðið hagsmunaárekstrar milli tveggja eða fleiri viðskiptavina eða milli ÍV og tiltekinnna viðskiptavina. ÍV

hefur gert ráðstafanir til að greina hættur á hagsmunaárekstrum og sett sér verklagsreglur um hvernig brugðist skuli við þeim. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar á skrifstofu ÍV og verður framvísað að beiðni viðskiptavinar.

- 8.2 Telji ÍV ráðstafanir þessar ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunir viðskiptavinarins séu nægilega tryggir mun viðskiptamaður verða upplýstur um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað.

9 Upplýsingagjöf milli aðila og umboð

- 9.1 ÍV afhendir viðskiptamanni kvittun fyrir sérhver kaup og sölu fjármálagerninga sem gerð eru fyrir hann, fyrsta viðskiptadag eftir að viðskiptin áttu sér stað, nema samið hafi verið um annað t.d. varðandi viðskipti í eignastýringu o.þ.h. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis en geri viðskiptamaður ekki athugasemdir innan 30 daga verður litið svo á að kvittunin hafi að geyma réttar upplýsingar.
- 9.2 Viðskiptamanni er skylt að tilkynna ÍV þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ.á.m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik sem fyrirsjáanlega gætu leytt til vanefnda á samningum milli aðila.
- 9.3 Viðskiptamönnum er heimilt að veita þriðja aðila skriflegt umboð gagnvart ÍV sem felur í sér heimild til að gera samninga fyrir þeirra hönd sem gildir eru fyrir ÍV. Að lágmarki skal slíkt umboð lýsa skýrlega hvaða heimildir það veitir umboðsmanni, vera undirritað af viðskiptamanni, stjórn fyrir hans hönd ef viðskiptamaður er fyrirtæki, vera vottað af tveimur lögráða einstaklingum og með rithandarsýnishorni umboðsmanns. ÍV skal vera heimilt að fara fram á að umboðsmaður færi sönnur á hver hann er með framvísun persónuskilríkja eða með öðrum hætti. Ef gildistími umboðsins er ekki tilgreindur verður litið svo á að umboðið sé í gildi þar til ÍV er tilkynnt um annað.
- 9.4 Viðskiptamaður skuldbindur sig til að tilkynna ÍV án tafa ef breytingar verða á útgefnu umboði sem afhent hefur verið ÍV. Jafnframt skuldbindur viðskiptamaður sig, sé hann lögaðili, til að tilkynna ÍV þegar í stað verði breytingar á framkvæmdastjórn og/eða prókúru, tilgangi samkvæmt

samþykktum breytt sem og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samninga milli aðila.

- 9.5 Viðskiptamaður skal gera ÍV grein fyrir aðstæðum sem kunna að varða hann og viðkomandi útgefanda verðbréfa ef þær kunna að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, sbr. t.d. ef viðskiptamaður hefur stöðu innherja eða tengds aðila við innherja.
- 9.6 Við andlát viðskiptamanns eða slit á starfsemi lögaðila skal gera ÍV viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa ÍV um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptamanns. Hafi ÍV ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan tíu virkra daga frá andláti, eða eftir að lögaðila er slitið eða hann hættir starfsemi, skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns, teljast réttar. ÍV skal vera heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningi/samningum viðskiptamanns við ÍV. Ber ÍV enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þess. ÍV áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirætlum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi réttindi og skyldur viðskiptamanns eftir andlát eða slit hans og ber ÍV enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af því.

10 Trúnaður – viðskiptasamband aðila – skyldur viðskiptamanns

- 10.1 ÍV ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamanni um öll viðskipti hans við ÍV og önnur atriði er varða hann og leynt eiga að fara með samkvæmt lögum eða eðli máls, nema úrskurðað sé að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi, til lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.
- 10.2 Viðskiptamaður veitir ÍV heimild til að miðla upplýsingum um samninga eða kaup skráðra hlutabréfa til Yfirtökunefndar að kröfu nefndarinnar, sbr. nánari ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.
- 10.3 Viðskiptamaður ber alfarið ábyrgð á upplýsingagjöf sem hvílir beint á honum lögum samkvæmt, sbr. t.d. hvað varðar innherjaviðskipti og upplýsingagjöf um viðskipti með stóra eignarhluti í skráðum félögum (flöggun).

11 Ýmis ákvæði

- 11.1 Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga gerðra á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreining rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.
- 11.2 Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða í samningi sem gerður er á grundvelli þeirra eftir 1. nóvember 2007 skulu ákvæði samningsins gilda.
- 11.3 ÍV áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt skriflega og er litið svo á að viðskiptamaður hafi fallist á ákvörðun ÍV hafi skrifleg athugasemd viðskiptamanns ekki borist innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu tilkynningar ÍV.
- 11.4 Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður því ekki breytt af hálfu viðskiptamanns. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptamaður gerir á þeim hafa því ekki gildi gagnvart ÍV.

Íslensk verðbréf hf.,

Akureyri 1. nóvember 2007